

Ólöf, ásamt 2 fóstursonum, er þau höfðu með sér frá Íslandi, Ólaf Þá Friðrikssyni bróðursyni Ólafs, og Friðriki Sveinssyni, sem einnig var skyldur Ólafi, því Sveinn Þórarinsson (amt-mannsskrifari) faðir Friðriks og Ólafur voru systrasynir.—Eins og þá mun reka minni til, sem kunnugir eru því landnámi, voru fyrstu árin í Nýja-Íslandi hörmungarár fyrir landnemana; fyrsti veturinn var aftaka kulda og ófærða vetur og samgöngur við mannabygðir ómögulegar, en vistir þær er keyptar höfðu verið fyrir lán það er Canadastjórn hafði veitt til þessarar nýlendu-stofnunar, voru svo ónógar og óhollar, að fjöldi fólks veiktist með vorinu, sumir af skyrbjúg, og dóu þá um vorið um 20 manns af þeim 200, sem þangað höfðu flutt. Meðal þeirra sem dóu um vorið voru þau Ólöf kona Ólafs og Ólafur Þá fóstursonur hans. Næsta sumar geisaði bólan um bygðina og víðar, og árið þar eftir var mesta bágindaár.—Fjögur ár mun Ólafur hafa verið í Nýja-Íslandi, en lengur þótti honum ekki gerlegt að í-lengjast þar, enda var óánægja með nýlendusvaði þetta þá orðin svo mikil, að burtflutningar miklir hófust úr nýlendunni.

Tók hann sig þá upp og flutti þaðan alfarinn ásamt fóstur-syni sínum Friðriki, þess er áður var getið, og héldu þeir suður til Dakota. Nam Ólafur þar land í Garðarbygð. Þar gekk hann að eiga seinni konu sína Önnu Jónsdóttur frá Breiðstöð-um í Skagafirði. Þeim hefir orðið fjögurra barna auðið; dóu tvö þeirra—drengur og stúlka, á unga aldri,—en 2 dætur þeirra eru hér í bænum, sú eldri, Ólöf, gift J. T. Goodman, er hefir mjólkurbú hér í bænum, og Friðey, sem er hjá foreldrum sínum.

Eftir 8 ára búskap í Dakota seldi hann bú sitt og gerðist póstafgreiðslumaður að Garðar og gegndi því embætti eitt ár. Þá flutti hann að Mountain og hafði þar einnig póstafgreiðslu, þar til hann ásamt nokkrum öðrum Dakota-Íslendingum flutti vestur í Albertahérað (sem þá var) í Canada og stofnaði íslenska nýlendu við Red Deer-ána. Þar bjó hann 3 ár, flutti síðan til Calgary-bæjar í sama héraði og var þar 2 ár. Þaðan flutti hann vestur í Okanagan-dalinn í British Columbia í bæ þann er Vernon nefnist, og var þar 3 ár. Síðan flutti hann til Winnipeg fyrir tæpum 10 árum og hefir dvalið hér síðan.